

Reglur um Ungmennaráð Vesturbyggðar

samkvæmt 11. gr. Æskulýðslaga nr. 70/2007.

1. gr.

Stjórnskipunarleg staða.

Ungmennaráð heyrir undir Íþrótt- og æskulýðsnefnd Vesturbyggðar. Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Fulltrúar í Ungmennaráði Vesturbyggðar skulu fá greidda þóknun fyrir fundarsetu í samræmi við samþykktir Vesturbyggðar.

2. gr.

Skipan ráðsins

Í Ungmennaráði Vesturbyggðar eiga sæti fimm fulltrúar og jafn margir til vara. Fulltrúar skulu eiga lögheimili í Vesturbyggð og vera á aldrinum 13 - 25 ára árið sem kosið er. Þrír fulltrúar skulu valdir af lýðræðislega kjörnum nemendaráðum skólanna fyrir 1. október ár hvert en íþrótt- og æskulýðsnefnd skipar tvo fulltrúa. Íþrótt- og æskulýðsnefnd gerir að því loknu tillögu um fulltrúa í ráðið sem bæjarstjórn staðfestir.

Formaður skal skipaður sérstaklega. Við val á fulltrúum skal leitast við að:

- Kynjahluföll séu sem jöfnust.
- Tveir fulltrúar komi frá Grunnskóla Vesturbyggðar á aldrinum 13-16 ára.
- Þrír fulltrúar á aldrinum 16-25 ára, þar af að minnsta kosti einn frá FSN.
- Fulltrúi sitji eigi lengur en tvö ár í ráðinu.

3. gr.

Marmið og hlutverk

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Markmið og hlutverk Ungmennaráðs Vesturbyggðar er meðal annars:

- Að skapa vettvang til þess að gera ungu fólki, 13-25 ára, kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks og geri tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks.
- Að veita fulltrúum í ráðunum, fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

4. gr.

Starfshættir

Íþrótt- og æskulýðsnefnd velur einn fulltrúa sem tengilið við ungmennaráð og skal hann vera ungmennaráði til aðstoðar. Ungmennaráð skal leitast við að halda allt að fjóra fundi á ári. Formaður boðar til fyrsta fundar og á honum skiptir ráðið með sér verkum. Ráðið heldur fundargerðarbók. Um fundarsköp og fundargerðir skulu að öðru leyti gilda *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Vesturbyggðar*.

Bæjarstjóri, formaður æskulýðs- og íþróttanefndar, og frístundafulltrúi eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt á fundi íþrótt- og æskulýðsnefndar Vesturbyggðar 27.02.2013

Hlaut staðfestingu bæjarstjórnar Vesturbyggðar og tók gildi 27.06.2013

Endurskoðað á fundi íþrótt- og æskulýðsnefndar Vesturbyggðar 9.4.2014

Staðfest á fundi Bæjarráðs Vesturbyggðar 20.5.2014